

gr., skal prófa með 15 kg/cm² raunþrýstingi og standist þau þá prófun, mega þau vera í kerfinu til ársloka 1968, en skulu að öðrum kosti þegar í stað endurnýjuð. Öll slík hylki skulu þó hafa verið endurnýjuð fyrir 1. janúar og eftir þann tíma öll hylki í frystikerfum geta staðist raunþrýsting samkv. 19. gr.

27. gr.

1. Frystipönnur í ammoniakkerfum, sem í notkun eru, þegar reglur þessar taka gildi og ætla má, að ekki standist hinn fyrirskipaða raunþrýsting samkvæmt 19. gr., má nota áfram, þó ekki lengur en svo að pönnurnar hafi allar verið endurnýjaðar innan 5 ára frá gildistöku reglugerðar þessarar og að undangenginni þrýstiprófun með 13 kg/cm² vatnsþrýstingi.
2. Prófun samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar má framkvæma þannig, að úr hverju frystitæki er af handahófi tekin ein þanna til prófunar. Standist sú þanna þrýstiraunina, skoðast allar pönnur þess tækis, sem þannan var tekin úr, hafa sama styrkleika. Þoli þannan hins vegar ekki þrýstiraunina, skulu allar pönnur sama tækis prófaðar eða skoðast ekki hafa staðizt prófun, án þess að vera prófaðar.
3. Hvenær, sem starfsmenn Öryggiseftirlitsins kunna að telja þess þörf á 5 ára tímabili því, sem um getur í 1. málsgr. þessarar greinar, geta þeir krafizt endurtekningar á prófun þeirri, sem um getur í greininni. Þó skal eftir föngum haga prófun þannig, að það trúfli reksturinn sem minnst.

28. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum samkvæmt ákvæðum laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, nr. 23 1. febrúar 1952.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 25. janúar 1965.

Jóhann Hafstein.

Brynjólfr Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100 29. júní 1957, um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Önnur grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Enginn bifreiðastjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í Hafnarfirði, nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Hafnarfirði, og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Hafnarfirði.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa.

2. gr.

Þriðja grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til

að stunda akstur leigubifreiðar sinnar sem aðalvinnu og sæki um upptöku í Bifreiðastjórafélagið Neista.

Þeir bifreiðastjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b-lið 12. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

3. gr.

Við 3. málsg. 6. gr. bætist eftirfarandi:

Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna, sker samgöngumálaráðuneytið úr.

4. gr.

Á eftir 2. málsg. 8. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Úthlutunarmönnum er heimilt að taka atvinnuleyfi leyfishafa hjá viðkomandi bifreiðastöð, hafi hann ekki notfært sér atvinnuleyfið í 6 mánuði eða lengur og ekki sótt um frest. Skulu þá úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa innköllun leyfisins með ábyrgðarbréfi. Hafi leyfishafi ekki óskað eftir framlengingu leyfisins og fært fram ástæður, sem úthlutunarmenn geta tekið til greina, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins.

5. gr.

Á eftir 2. málsg. 10 gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé atvinnuleyfi leyfishafa lagt inn til Bifreiðastjórafélagsins Neista, án undirskriftar leyfishafa, skulu úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa það með ábyrgðarbréfi. Hafi hann ekki gefið skýringu, sem úthlutunarmenn geta tekið gildi, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins.

6. gr.

A-liður 12. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

a. Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði frá trúnaðarlækni Bifreiðastjórafélagsins Neista.

7. gr.

Við 12. gr. reglugerðarinnar bætist nýr liður, svo hljóðandi:

d. Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Neista getur heimilað leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó ekki lengur en allt að 4 vikum árlega, og ekki skemur en 1 viku í hvert sinn, sé orlofstímanum skipt í fleiri en 1 tímabil.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 25. janúar 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfr Ingólfsson.